

Siglingaráð

21. fundur

Dags.: 5. desember 2019, kl. 11:00 til 13:00 í Samgöngustofu.

Mættir: Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Bryndís Sigurðardóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Örn Pálsson (Landssamband smábátæigenda), Árni Bjarnason (Félag skipstjórnarmanna), Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa), Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Gestir fundar: Gunnar Geir Gunnarsson (Samgöngustofa), Karl Birgir Björnsson (Hefring Marine) og Björn Jónsson (Hefring Marine).

Forföll: Halldór Ármannsson formaður, Eggert Ólafsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Þorlákur Halldórsson (Landssamband smábátæigenda), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands).

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
2. Fundargerð 20. fundar Siglingaráðs. (Áp sendi í tölvupósti)
3. Öryggisáætlun sjófarenda. Staða fjárveitinga 2019 og drög að verkefnaáætlun 2020 (verður send í tölvupósti).
4. Kynning á ölduvara Hefring Marine (verður send í tölvupósti, sjá einnig hefringmarine.com).
5. Hvíld og öryggi sjómanna. Skýrsla RNSA 2012 (verður send í tölvupósti).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

Áp setti fundinn og bar kveðju frá HÁ. Árni Bjarnason hefur nú tekið sæti í ráðinu fyrir hönd félags skipstjórnarmanna í stað Guðjóns Ármanns.

1. **Fundargerð 20. fundar samþykkt.**
2. **Öryggisáætlun sjófarenda.** GGG upplýsti um stöðu fjárveitinga 2019 og kynnti drög að verkefnaáætlun 2020 (sjá framlagt gagn nr. 3). Heildarfjármunum sem áætlað var að ráðstafa í verkefni árið 2019 eða alls 13,7 mkr. voru nýttar að fullu. Í öryggisstjórnunarkerfi fóru um 5,4 mkr., auglýsingar um 4,8 mkr., ráðstefnuhald um 0,9 mkr. og styrki til hugvitsmanna 2,5 mkr en af þeirri upphæð eru 2,0 mkr. í bið þar sem greiðslur eru háðar framvindu. Í áætlun fyrir árið 2020 verður ráðstafað 2,2 mkr í öryggisstjórnunarkerfi, 4,0 mkr. í auglýsingar, 4,0 mkr. í endurgerð myndbanda, 2,5 mkr. í styrki til hugvitsmanna og 1,0 mkr. fara í ráðstefnur og málfundi. Fjallað var um aðgerðir vegna tíðra stranda línubáta undanfarið en orsök þeirra er að skipstjórnarmenn er að sofna á vaktinni í brúnni vegna þreytu. HS minnti á skýrslu RNSA frá 2012 um hvíld og öryggi sjómanna (verður send í tölvupósti) en þar er bent á langa vinnudaga og vökur sjómanna. Ljóst er að aðgerða er þörf í þessum málum og ákveðið að fara í herferð árið 2020 með auglýsingum og taka þetta fyrir á ráðstefnu eða málfundum.
3. **Ölduvari.** KBB og BJ kynntu stöðu mála í þróun ölduvarans hjá Hefring Marine (sjá framlagt gagn nr.4) en hugmyndin að búnaðinum hefur áður verið kynnt fyrir Siglingaráði. Ölduvarinn er í loka prófunum og fyrsta útgáfa tilbúin til sölu. Búnaðurinn verður seldur í áskrift og er í byrjun markaðssettur fyrir minni báta og síðar verður horft til stærri skipa. Ölduvarinn er app/forrit í sterkri Android spjaldtölvu sem skráir hraða bátsins og upplýsingar frá skynjara sem nemur aflið í höggum bátsins í öldu. Skynjarinn nemur einnig hliðarhreyfingu/halla bátsins en ekki er unnið úr þeim upplýsingum sem stendur í appinu. Staðsetning bátsins er skráð og veður upplýsingar. Gögnin vistast í tölvunni og sendast sjálfkrafa til „flotastjóra“ sem vaktar ferðir eins eða fleiri báta. Í prófunum var mikill munur á hraða báta eftir því hvort skipstjórnandinn vissi af mælingum

eða ekki. Þannig að búnaðurinn nýtist ekki eingöngu til að bæta öryggi þeirra sem um borð í bátnum eru með hraðastjórnun heldur væri einnig mögulegt að lækka eldsneytis- og viðhaldskostnað. Upplýsingar um siglingu báts er hægt að skoða myndrænt í súlu og línuriti eða á korti þar sem mælingar á höggum og hraða koma fram. Fram kom að TM tryggingafélag og Nýsköpunarsjóður hafi styrkt þróun búnaðarins. Þróun verður framhaldið og ýmsir möguleikar til skoðunar tam að bæta inn öldumælingum. atvinnulífsins hafa styrkt þróun á búnaðinum og að Hefring Marine stefnir á halda málstofu /ráðstefnu um öryggi sjófarenda í mars til að kynna reynslu af ölduvaranum og fá umræðu um málið. Spurning hvort siglingaráði komi að henni með einhverjum hætti?

4. **Veður og sjólag.** FG fór í gegnum vefinn „Veður og sjólag“ á vef Vegagerðar. Þar eru að finna gagnlegar upplýsingar fyrir sjófarendur sem skipstjórnendur einkum smábátasjómenn nýta mikið en þróun á vefnum hefur verið frekar hæg. Komið er nýtt spálíkan þar sem skoða má ölduspá á grunnslóð á nokkrum stöðum. Vegagerðin, hafnadeild, stefnir á að efla rannsóknir frá því sem verið hefur en lítið fé hefur verið sett í þær eftir að Siglingastofnun var lögð niður. Áhugi er á að lengja tíma ölduspár í 10 daga og einnig að geta skoðað spár í klukkustundum fram í tímann. Þá er mögulegt að bæta inn vindátt með öldumælingum. Inn á Vegagerðinni er meistaranemi sem unnið hefur að verkefni um þróun spálíkana fyrir sjávarflóð. Líkanið er uppfærsla á fyrri spálíkönunum sem gerð hafa verið og tekur mið af mörgum samverkandi þáttum sem ýti undir flóðaáðstæður s.s. sjávarföll, vindátt, vindstyrk, áhlaðanda o.fl. Með þessu er möguleiki að kortleggja þá staði á landinu, sjávarpláss og fleira, hver hættan er á sjávarflóðum. Þetta er mjög mikilvægt tól til þar sem sjávarhæð er almennt að hækka og tíðni sjávarflóða er að aukast.. Vegagerðin er einnig með í startholunum verkefni að setja upp sjávarfallamæla umhverfis landið til þess að fylgjast með sjávarhæðinni þ.m.t.t. veðurs og hækkan sjávar. Verkefnið þarf að vinnast með þeim stofnunum sem geta nýtt þetta, þ.e. Landhelgisgæslan, Landmælingar. ÓR velti því upp spurningu um samlegð milli mælitækni Hefring Marine og Vegagerðarinnar. Ráðið styður heilshugar eflingu rannsókna á aðstæðum við strendur landsins og að „Veður og sjólag“ verði þróað áfram. Mikilvægt að kynna vefinn betur m.a. með tenglum á hann frá öðrum aðilum og stofnunum. Í kjölfarið var rætt um „Siglingagátt“ þ.e. að öll vefsvæði sem fjalla um siglingar með einum eða öðrum hætti verði aðgengilegir úr einni gátt.

5. Önnur mál

1. Umræða var um sérstaka heimasíðu siglingamála þar sem hægt væri að nálgast allar upplýsingar sem tengjast öryggismálum sjófarenda og siglingum. Ákveðið að skoða málið betur í samstarfi við nýjan vefstjóra Samgöngustofu og ætlar ÓR að ræða við hann.
2. Staða reglugerða:
 - i) Áþ upplýsti að búið sé að funda um afmörkun siglingaleiða aðeins eftir að fá afstöðu með Umhverfisstofnunar en reglugerðin byggir á umhverfisverndarsjónarmiðum. Í kjölfarið verður fundað með hagsmunaaðilum SVP.
 - ii) Reglugerð um lyf og læknisáhöld: Rætt var um endurnýjun á lyfjakistuhandbókinni í framhaldi af nýrri reglugerð um lyf og læknisáhöld í skipum og kostnað við uppfærsluna á handbókinn. Lögð var áhersla á að klára þurfi þetta mál sem fyrst. Áþ ætlar að taka þetta upp í ráðuneytinu.
 - iii) Reglugerð um farþegaskip: HS ítrekaði spurningu sína frá fyrri fundum um nýju reglugerðina um farþegaskip. Málið er ennþá hjá ráðuneytinu.
3. Ógnandi hegðun farþega um borð í skipum: HS minntist á þörf á reglum um ógnandi farþega í skipum en slíkar reglur eru til í fluginu. HSS sagði að þetta hafi komið upp á fundum IMO og verður Sverrir Konráðsson spurður um þetta.
4. HS spurði hvort ekki þurfi að innleiða „IMO guidelines on fair treatment of seafarers“ hér á landi til viðbótar við ILO 188. HSS kannar það hjá Sverri Konráðssyni.
5. Áhafnir þjónustubáta við Fiskeldi: BS ræddi skort á réttindum þeirra sem starfa á þjónustubátum og hver eigi að hafa eftirlit með að þeir séu rétt mannaðir. ÁLÁ sagði að LHG fylgist með þessu kringum allt landið og hafi þau úrræði ef tilskyldir réttindamenn eru ekki um borð að vísa þeim í land og kæra til lögreglu en af einhverjum ástæðum fer ekki nema um

Þriðjungur kærumála áfram í kerfinu. HAG benti á að sum skipin fái endalausar undanþágur frá kröfum um næg réttindi áhafnar. Margir bátar skráðir í Noregi þrátt fyrir að starfa héraendis og þá gilda um þá norskar reglur m.a. að ekki þurfi réttindi á báta < 15 m.

6. Bryndísi Sigurðardóttur voru færðar þakkir fyrir góð störf í Siglingaráði en hún hefur látið af störfum sem sveitarstjóri á Tálknafirði

Næsti fundur: Stefnt að næsta fundi fimmtudaginn 9. Janúar. Áþ boðar í tölvupósti.

IV og Áþ rituðu fundargerð.